# Skólanámskrá

**Bekkur: 7. bekkur**

**Námsgrein: Heimilisfræði**

***Ábyrgð***

***Virðing***

***Vellíðan***

| Námsflokkur | Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti: | Kennslufyrirkomulag<br>leiðir að viðmiðum | Námsefni | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| ***Menningarlæsi*** | • útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.<br>• hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.<br>• haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.<br>• gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina.<br>• gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.<br>• lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum. | Tímarnir eru verklegir ásamt því að vinna verkefni í vinnubók.<br>Ýmsar mælingar eru teknar fyrir í sambandi við uppskriftir. Farið er yfir dagsetningar og umbúðamerkingar um leið og vörur eru notaðar.<br>Nemendur og kennari tala saman um hollustu, lífshætti, afurðir, menningu, líðan og fleira sem tengist heimilishaldi almennt. | Gott og gagnlegt, nemendabók og vinnubók 3.<br>Ýmsar uppskriftir úr heimilisfræðinámsbókum fyrri ára ásamt efni af neti. | Námsmat fer eftir frammistöðu í tímum, virkni, áhuga, umgengni, og vinnubrögðum. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ***Matur og lífshættir*** | • tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar.<br>• gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd. | | | |
| ***Matur og vinnubrögð*** | • nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla. | | | |
| ***Matur og umhverfi*** | • tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla.<br>• skilið og rætt mismunandi umbúðarmerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau. | | | |
| ***Matur og menning*** | • tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð. | | | |